9
27. júní

Lög

um

heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs nýtt skipaveðlán h.f. Eimskipafjelags Íslands.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Landsstjórninni veitist heimild til þess að ábyrgjast greiðslu á ¼ hluta veðláns, að upphæð alt að 250000 hollensk gyllini eða jafngildi í mynt annara landa, sem hf. Eimskipafjelag Íslands tekur í erlendum banka, til þess að kosta smíði á millilandaskipi, sem fjelagið er nú að láta smíða í Danmörku. Lánið endurborgist á 10 árum með jöfnum árlegum afborgunum og sje trygt að minsta kosti með fyrsta veðrjetti í hinu nýja skipi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Pjetur Jónsson.